

Fimmtudaginn 1. desember 1994.
 Nr. 472/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
 gegn
Steinari Braga Lemacks Jósefssyni
 (Brynjólfur Eyvindsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 28. nóvember sl., sem barst réttinum 29. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Fyrir liggur rökstuddur grunur um aðild varnaraðila að þeim brotum, er um getur í hinum kærða úrskurði. Að því athuguðu og að öðru leyti með vísan til forsendna hans verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. nóvember 1994.

Ár 1994, mánudaginn 28. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Steinari Braga Lemacks Jósefssyni, kt. 230378-5259, Esjугrund 10, Kjalarnesi, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 7. desember nk. kl. 16.00 vegna grunar um þjófnað, tilraun til þjófnaðar og nytjastuld.

Í gærmorgun milli kl. 5.30 og 6.00 handtók lögreglan í Reykjavík kærða í námunda við Gnoðarvog 56 hér í borg vegna grunar um tilraun til þjófnaðar í versluninni Vogaveri, Gnoðarvogi 44. Á kærða fundust tæpar 9.000

krónur í reiðufé, spennujárn, armbandsúr og 14 merkimiðar frá fyrirtækinu Íslenskum hagfiski.

Við rannsókn málsins vaknaði grunur hjá lögreglu um, að kærði kynni að vera viðriðinn fleiri mál þessa sömu nótt og nóttina áður. Er þar í fyrsta lagi um að ræða innbrotspjófnad í bakarí Sveins bakara að Gnoðarvogi 46 þessa sömu nótt, en þar var stolið u. þ. b. 10.000 krónum í reiðufé. Í annan stað er kærði grunaður um nytjastuld sendibifreiðarinnar FS-886, einnig þessa sömu nótt, sem tekin var í heimildarleysi úr bílskýli að Engjaseli 13 hér í borg, en bifreið þessa fann lögregla við Gnoðarvog 48 um kl. 8 í gærmorgun. Í þriðja lagi er kærði grunaður um að hafa aðfaranótt sl. laugardags brotist inn í fyrirtækið Íslenskan hagfisk, Smiðjuvegi 4A, Kópavogi, og stolið þar 10.000 krónum í reiðufé auk 12–15 tékka, að andvirði u. þ. b. 40.000 krónur. Sem fyrr segir, fundust á kærða við handtöku 14 merkimiðar frá þessu fyrirtæki. Loks beinist grunur að kærða um að hafa aðfaranótt sl. laugardags brotist inn í hárgreiðslu- og rakarastofuna Bistý, Smiðjuvegi 4C í Kópavogi og stolið þar rúmum 3.000 krónum í reiðufé auk varnings tengdum starfsemi stofunnar.

Kærði hefur staðfastlega neitað að vera viðriðinn nokkurt þeirra mála, sem vikið er að hér að framan, og gefið skýringar um hvert einstakt tilvik.

Rannsókn framangreindra mála er á frumstigi. Við athugun rannsóknargagna er ljóst, að grunur er uppi um aðild kærða að brotum þessum. Einkum þykir sterkur grunur vera uppi um aðild kærða að innbrotstilrauninni í verslunina Vogaver og fyrirtækið Íslenskan hagfisk. Þá þykir einnig vegna nálægðar kærða við brotavettvang vera grunur um aðild kærða að innbrotspjófnuðunum að Gnoðarvogi 46 og Smiðjuvegi 4C og einnig að nytjastuldi bifreiðarinnar FS-886, en fram er komið hjá kærða, að hann hafi verið í samkvæmi í Breiðholtshverfi ekki fjarri brotastað aðfaranótt sl. sunnudags.

Með vísan til alls framanritaðs og skírskotun til a-liðar 1. mgr 103. gr. laga nr. 19/1991 ber að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina, eins og hún er fram sett.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærði, Steinar Bragi Lemacks Jósefsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 7. desember nk. kl. 16.00.